

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

NÓVEMBER 2019



11. tbl. 22. árg.



Strætó stoppar ekki lengur við Hagatorg

Strætisvagnar stoppa ekki lengur við umdeilt strætóskýli sem komið var fyrir við Hagatorg fyrir skömmu. Deilur hafa staðið um hvort Hagatorg teljist vera hringtorg eða akbraut. Þær hófust eftir að Árni Friðleifsson aðalvarðstjóri í umferðardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu boðaði að vagnstjórar Strætó yrðu sektaðir persónulega stöðvuðu þeir við skýlið. Einnig yrðu ökumenn sektaðir sem þyrftu að stöðva fyrir aftan strætisvagna við stoppstöðina. Vitnaði hann til þeirrar greinar umferðarlaga sem leggur bann við að stöðva ökutæki á hringtorgum.

Hjá Reykjavíkurborg hefur verið litið á Hagatorg sem óhefubundið hringtorg eða mikið fremur sem akbraut. "Þetta er vissulega torg en ekki endilega hringtorg þó að það liggja í hring," sagði Bjarni Brynjólfsson, upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar í samtali við Morgunblaðið fyrir skömmu. "Hagatorg var strax í byrjun ekki jafn hringur, heldur var það með lymaskulega krappri beygju gegnt suðurenda Bændahallarinnar. Ef ekið var eins hratt upp við graseyju torgsins



Spurning er um hvað verður um hið umdeilda strætóskýli við Hagatorg. Verður það fært? Verður torginu breytt til þess að það geti talist umferðargata í stað hringtorgs eða verður hætt við stoppstöð á þessum slóðum?

og unnt var, skreikuðu sumir bílar hressilega þegar farið var um fyrrnefndan kafla hringsins," segir hinn kunnri ökumaður Ómar Ragnarson á heimasíðu sinni.

Frá borginni hafa borist fréttir um að unnið væri að breytingum á torginu. Fram til þessa hefur Hagatorg verið skilgreint sem Hringtorg. Allar umferðarmerkingar á svæðinu í dag miðast við

það og lögreglan gengur út frá því í störfum sínum. Ekki liggur fyrir hvort strætóskýlið verður fjarlægð. Spurning er um hvort gerðar verði einhverjar breytingar á torginu og ökuleiðum til að fella það undan banni umferðarlaga við stöðvun ökutækja á hringtorgum.



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Hreindýrakjöt er komið

Melabúðin
þín verslun

Hagamel 39 - Sími 551-0224
<http://www.melabudin.is/>

Lambakjötstilboð

Lambalæri - Lambahryggir

Sætar og safaríkar Sibarita
1. flokks klementínur

fimmtudag til sunnudags
21.-24. nóvember - á meðan birgðir endast

Jólásendingin frá Bretlandi komin
Jólakökur, búðingar, sultur, bökunarvörur ofl ofl

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thoringimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

11. tbl. 22. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Verklök á Hverfisgötu



Verið að helluleggja Hverfisgötu fyrir framan Safnahúsið.

Verklök eru fyrirsjáanleg á Hverfisgötu og að gatan verði opnuð fyrir umferð. Eins og flestum er kunnugt hafa framkvæmdir við endurgerð neðsta hluta götunnar staðið yfir um mun lengri tíma en gert var ráð fyrir. Upphaflega áttið verkinu að vera lokið fyrir menningarnótt sem haldin er undir lok ágústmánaðar en þremur mánuðum síðar er loks að sjást hylla undir þau.

Ýmsar skýringar hafa verið gefnar á því af hverju verkið hefur tafist svo. Að það hafi verið mun umfangsmeira en gert var ráð fyrir og einnig að Veitur hafi ekki átt það lagnaefni til sem þurfti að nota. Það hafi valdið umtalsverðum töfum á verkinu. Dögum saman á liðnu sumri mátti sjá götuna

uppgrafna og enga hönd að verki. Að undanfögnu hafa rekstraraðilar við götuna látið í ljós megra óánægju með framgang verksins. Ekki hefur verið nóg að gatan hafi verið lokuð akandi umferð heldur nánast verið ómögulegt fyrir gangandi fólk að komast leiðar sinnar eða hafa viðkomu hjá verslunar- og þjónustuaðilum þar. Á meðal þeirra staða sem erfitt hefur verið að nálgast eru Safnahúsið og Þjóðleikhúsið. Þegar verkinu verður lokið má sjá að ásýnd götunnar hefur breyst verulega auk þess sem allt að 100 ára gamlar lagnir undir götunni hafa verið endurnýjaðar. Þá stefnir einnig að verklökum á Óðinsgötu, Týsgötu og við Óðinstorg þar sem miklar lagfæringar og endurbygging hefur átt sér stað.

Fríkirkjan 120 ára

Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík er 120 ára. Þess var minnst við veglega kirkjuathöfn síðastliðinn sunnudag. Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson ávarpaði kirkjugesti. Kór kirkjunnar og Barnaskórin við Tjörnina fluttu tónlist undir stjórn Gunnars Gunnarssonar tónlistarstjóra og organista og Álfheiðar Björgvinsdóttur stjórnanda barnakórsins. Séra Hjörtur Magni Jóhannsson fríkirkjuprestur stýrði athöfn og flutti hugleiðingu.

Fríkirkjan var stofnuð á tímamótum í íslensku þjóðlífi. Þegar þjóðin var að vakna til vitundar um sjálfa sig og nýja tíma eftir mörg ár sem einkenndust af erfiðleikum. Náttúrulegum sem stjórnarfars- og menningarsögulegum. Íslensk kristni hafði öldum saman verið bundin af bókstafsboðskap lútersk-evilísku kirkjunnar. Kirkjan og ríkisvald voru samofin svo vart mátti sjá hvað var hvort.

Rætur Fríkirkjunnar liggja í grasrótinni. Þær liggja hjá verkafólki, sjómönnum og öðrum sem töldu sig eiga litla samleið með ríkiskirkjunni. Fríkirkjan varð snemma baráttutæki fyrir framförum á ýmsum sviðum. Fyrstu teikn kvennabaráttunnar má finna á fjöllum hennar. Einn ötulasti talsmaður kvenréttinda hér á landi var séra Ólafur Ólafsson fríkirkjuprestur og alþingismaður – annar prestur Fríkirkjunnar. Þegar málefni og barátta samkynhneigðs fólks kom fram varð Fríkirkjan á undan öðrum trúarsamfélögum til að viðurkenna stöðu þeirra.

Á fram mætti rekja málefni þar sem Fríkirkjan hefur sýnt mikla framsýni. Gengið á undan öðrum. Í kristilegum efnum hefur hún leitað frjálslyndis. Kosið að túlka bókstafinn sem táknmyndir. Faðirvorið sem möntru. Fríkirkjan heldur ekki í gamlar hefðir í daglegum störfum né framkomu. Kirkjuathafnir eru færðar í frjálsan og nútímalegan búning án þess þó að hafna því fyrir hvað kristnin stendur.

Yngra fólk sækir Fríkirkjuna í auknum mæli. Meðalaldur í hefðbundnum athöfnum er með því lægsta sem gerist. Barnaskórin við Tjörnina á sinn hlut í því. Ungt fólk kemur með lítill börn til að hlusta á eldri systkini syngja. Kirkjustarfið er í takti við það sem lagt var upp með fyrir 120 árum.

Þú finnur gjöfina á Jens.is

Í vefverslun okkar á www.jens.is er mikið úrval skartgripa og gjafavöru fyrir öll tilefni. Þar er einfalt að ganga frá kaupum. Þú getur valið um að fá vöruna senda eða sótt hana í einni af verslunum okkar. Við tökum vel á móti þér í Kringlunni, Smáralind og að Grandagarði 31.

 Gáruhálsmen Verð frá 5.300 kr.
 Hálsmen 39.900 kr.
 Demantshálsmen 29.900 kr.
 Eyrnalokkar 23.900 kr.
 Hringur 89.900 kr.
 Hringur 29.500 kr.
 Íslandsbakki með Vatnajökklaskál 12.900 kr.
 Kökunifur 12.800 kr.
 Jökklaskálar - tvær stærðir Vatnajökull, Eyjafallajökull og Snæfellsjökull 4.900 - 7.900 kr.

Jens

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

FYRIRTAK

málningarþjónusta

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI



LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

ER STYTTIST TIL JÓLA — HRINGDU Í JÓA

OPIÐ FYRIR PANTANIR

HÁTÍÐAR GJAFAKÖRFUR

Nú er tíminn til að panta osta- og sælkerakörfurnar fyrir hátíðarnar. Hver karfa inniheldur handvalið úrval af ostum og öðru góðgæti — allt eftir þínum óskum. Körfurnar eru fánlegar í ýmsum stærðum og gerðum, en nú getur þú einnig valið á milli hefðbundinnar ostakörfu eða pappaöskju. Öskjurnar eru bæði endurunnar og endurvinnanlegar. Gómsætt fyrir þig og gott fyrir umhverfið.

VEISLUÞJÓNUSTA

Þegar líða fer að veislu erum við hjá Ostabúðinni til þjónustu reiðubúin. Við bjóðum upp á fjölbreytta veisluþjónustu, hvort sem þú kýst ostabakka og snittur eða fullbúna veislumáltíð. Fáðu sent heim eða njóttu þess að láta stjarna við þig í glæsilegum veislusal Ostabúðarinnar á Granda — allt eftir þínum óskum.

Nánari upplýsingar á ostabudin.is eða í síma 562 2774. Við hlökkum til að heyra í þér.



Forréttindi að búa í Vesturbænum og á Seltjarnarnesi

- segja þau Guðbjörg Kristín og Karl Jóhann í Aurum. Þau halda upp á 20 ára afmæli fyrirtækisins innan tíðar og ætla að gefa heppnum viðskiptavin demantshring.

Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir, skartgripahönnuður í Aurum í Bankastræti hannaði Bleiku slaufuna að þessu sinni. Bleika slaufan er tákn fyrir Bleikan október sem er átaksverkefni Krabbameinsfélags Íslands til þess að vekja athygli á krabbameini hjá konum. Guðbjörg segir forréttindi að fá að hanna slaufuna og geta stutt á þann hátt við baráttu Krabbameinsfélagsins. Hún stofnaði skartgripafyrirtækið Aurum ásamt Karli Jóhanni Jóhannssyni eiginmanni sínum árið 1999. Guðbjörg er Ísafirðingur en Karl er frá Ólafsvík.

Fyrir vestan kynntist Karl Guðbjörgu þegar hann fór í nám við Menntaskólann á Ísafirði. Hann stundaði skíðamennsku sem unglíngur og kveðst hafa valið Ísafjörð þegar hann þurfti að halda að heiman til framhaldsnáms til þess að komast á skíði. "Flestir fóru suður í menntaskóla en ég fór til Ísafjarðar út af skíðunum. Eftir það héldum við til Danmerkur til náms og svo kom Aurum til sögunnar sem fagnar 20 ára afmæli um þessar mundir."

Guðbjörg og Karl héldu til framhaldsnáms 1994. Guðbjörg hafði þá lokið sveinsprófi í gullsmíði frá Köbenhavn Tekniske Skole 1993. Þau bjuggu í tæp sex ár í Danmörku. Guðbjörg lauk námi í skartgripahönnun við Institute for Ædalmetal og Karl masternámi við DTU í verkfræði, stjórnun og rekstri. Guðbjörg byrjaði að starfa ytra eftir að hún lauk námi og stofnaði hún fyrirtæki með þremur dönskum skólafélögum. "Þessi þrjú ár sem ég starfaði þar náði ég að þróa mínar hugmyndir áfram eftir nám. Ég fékk styrk frá danska ríkislistasjóðnum sem gaf mér tækifæri til þess að vinna að stærri verkum og taka þátt í sýningum. Þetta var mikilvægur tími fyrir mig og fyrstu Aurum skartgripaformin komu fram á þessum tíma.

Á krossgötum 1999

Guðbjörg og Karl fluttu heim til Íslands frá Danmörku á árinu 1999. „Þá hafði Karl lokið námi ytra og elsta dóttir þeirra Ásgerður Diljá var fædd, þá tveggja ára. Guðbjörg var farin að starfa við hönnun og

þarna stóðu þau á krossgötum. Áttu þau að dvelja áfram í Danmörku eða kallaði Ísland á þau heim. „Við hugsuðum lengi um hvað við ættum að gera. Okkur leið vel í Danmörku. Ég gat haldið áfram að starfa ytra og Karl hefði fengið vinnu því hans námi var lokið. En það togaði eitthvað í okkur heim. Það var einkum fjölskyldan heima, að börnin okkar fengu tækifæri til að kynna öfum og ömmum sínum. Við ákváðum því að koma heim.“ Guðbjörg og Karl stofnuðu Aurum eftir heimkomuna. „Við keyptum hús við Laugaveg 27 og vorum þar fyrstu þrjú árin. Þá var laust húsnæði í Bankastræti 4. Við ákváðum að veðja á þennan hluta Miðborgarinnar. Við fluttum þangað í janúar árið 2003 og höfum verið þar síðan.“ Karl hafði þó bætt við sig MBA námi sem hann var þá búinn að ljúka með vinnu og Karlotta Kara önnur dóttirin í röðinni var komin í heiminn. „Við höfum smá saman stækkað við okkur í Bankastrætinu og eftir að verslunin í rýminu við hliðina á okkur lokaði tókum við það yfir. Opnuðum á milli rýmanna og opnuðum því stærri Aurum verslun haustið 2009. Árið 2010 hætti verslun Hans Petersen sem hafði verið í öðrum helmingnum í Bankastræti 4 eftir um 100 ár þar. Við tókum yfir þann helming húsnæðisins og opnuðum þar Aurum Lífsstílsbúðina. Þess má geta að þau seldu Aurum Lífsstílsbúðina haustið 2018 til verslunarstjóra þeirra sem rekur búðina í dag undir nafninu Nielsen Sérverzlun.“

Þurfum að sjá á sjóinn

Guðbjörg og Karl búa á Seltjarnarnesi. Af hverju völdu þau Nesið. „Við bjuggum fyrstu árin eftir heimkomuna í Vesturbænum. Á Tómasarhaganum. Við erum bæði uppalin í sjávarbyggðum. Á Ísafirði og í Ólafsvík. Við sáum ekki á sjóinn í Danmörku og sóknuðum þess. Uppeldið hefur svona áhrif á mann. Þegar við fórum að huga að stærra húsnæði koma aðeins Vesturbærinn og Seltjarnarnes til greina. Við fundum okkur síðan hús við Sæbrautina þar sem við höfum sjóinn beint fyrir framan og fluttum þangað fyrir fjórum árum. Okkur finnst bragurinn

á Seltjarnarnesi líkjast því sem við þekktum fyrir vestan. Svolitill landsbyggðabragur.“ Yngsta dóttir þeirra Ingibjörg Æsa sem nú er sjö ára mun koma til með að taka alla skólagöngu sína í grunnskóla á Seltjarnarnesi. „Mér finnst ákveðin forréttindi að búa í Vesturbænum og ekki síður á Seltjarnarnesi, segir Guðbjörg. Hér gengur maður um allt eða hjólar og þótt við vinnum í Miðborginni þá er stutt í vinnuna. Þetta eru stuttar vegalengdir. Að búa við Sæbrautina er mjög rólegt. Staðurinn sameinar heilsárs og sumardvalarstað.“ Þau eiga engu að síður sumarhústað en hann er ekki í nágrenninu. „Nei – hann er eins langt í burtu og hugsast getur, en það er sumarhústaður sem stórfjölskyldan á. Hann er norður á Snæfjallaströnd. Við erum hvorki með rafmagn eða nettengingu þar og símasamband hefur verið stopult. En þarna finnst mér dásamlegt að vera. Þarna er mikil ró og þarna fæ ég hugmyndir að því sem ég er að vinna. Kannski er þetta Vestfirðingurinn í mér. Við höfum farið mikið vestur á sumrin með dæturnar og öll stórfjölskyldan hittist þar,“ segir Guðbjörg.

Sameiginleg áhugamál

Annað áhugamál þeirra hjóna er laxveiði. Við fórum alltaf í Miðá í Dölum á hverju sumri með góðum vinum okkar og fjölskyldum þeirra. Þarna fór Karl með foreldrum sínum frá tveggja ára aldri og má því segja að haldið sé í hefðina. Þarna er einstaklega gaman að veiða, mjög barnvænleg á, þar sem allir geta veitt saman. Það er jafn gaman að kenna börnunum sínum að veiða, fylgjast með þeim veiða sjálf, eins og að veiða sjálfur. Þarna líður hundunum okkar Mollý og Lottu best,“ segir Karl. Guðbjörg og Karl fara mikið á skíði enda kynntust þau því sem næst á skíðum á Ísafirði. „Við ólumst bæði upp við skíðamennsku og nú er yngsta dóttir okkar farin að æfa skíði. Við fórum með henni til Austurríkis í æfinga- og fjölskylduferð með skíðadeild Ármanns í janúar. Ef snjór er og gott skíðafæri þá fara allir laugardags- og sunnudagsmorgnar í að fara upp í fjöll með skíðin, en þá eru æfingar hjá Ingibjörgu Æsu yngstu dótturinni.“



Karl Jóhann Jóhannsson og Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir. Að baki þeirra má sjá Eiffeltúrninn í París.

Opnaði á afmælisdaginn

Síðustu fimm árin hafa Guðbjörg og Karl verið með annan fótinn í Bretlandi til að sinna sölu- og markaðsmálum og hafa átt samskipti við marga aðila. Karl segir að bæði þurfi einbeitingu og úthald til þess að vinna á breskum markaði. „Við erum búin að sækja sýningar í fimm ár. Innkaupastjórar frá House of Fraser komu á sýningu til okkar sl. febrúar, kynntu sig og sýndu því áhuga að fá Aurum skartið í sölu í þeirra verslunum. Tveimur mánuðum síðar vorum við búin að gera samning við þau um að selja í fimm verslunum hjá þeim. Þeir vildu fá okkur í fleiri verslanir en við töldum ráðlegt að

fara varlega af stað. Vegna þessa þá munum við færa næstu opnun sem átti að vera núna fyrir jól fram til febrúar mars á næsta ári, en þá er stefnt að opna á tveimur stöðum. Þetta kostar umtalsverða fjármuni einkum í því að fylla fimm verslanir af skartgripum. Það er einnig til að hafa fulla athygli á núverandi fimm stöðum og svo er mikið fram undan hjá okkur hér heima, verslunin 20 ára, stækkun á búðinni, opnun og kynning á nýrri skartgripalínu í tilefni afmælisins núna í nóvember. Aurum opnaði í fyrstu fimm verslunum í House of Fraser 26. september sl. sem er afmælisdagur Guðbjargar.“

FERSKUR FISKUR

DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opnið virka daga kl. 10 - 18:30





Dæturnar saman á góðri stund.

Aurum – umhverfisvæn stefna

Karl segir að á þeim fimm árum sem þau séu búin að þreifa fyrir sér í Bretlandi hafi þau átt viðskipti við allt að 60 verslanir og fyrirtæki. Í viðskiptum við Breta þurfi allt að vera akkurat. Þeir eru svo nákvæmir. „Við vorum búin að fara inn á þetta plan og þekktum því nokkuð til regluverskinn og hvaða kröfur eru gerðar til erlendra viðskiptaaðila. Ekki er nægjanlegt að bjóða fallega eða góða vöru heldur þarf allt regluverk að ganga upp. Þegar við höfum samskipti við House of

Fraser fengum við margvíslegar upplýsingar og þurftum einnig að skila okkar áætlunum og greina þær niður í smáatriði. Á seinni fundinum okkar með þeim þá komu deildarstjórnar hvernig deildar einn af öðrum og fór yfir með okkur allt regluverkið í sinni deild og hvernig hlutirnir ganga fyrir sig. Hvernig samskiptum er háttað og farið yfir þær upplýsingar sem við munum fá sendar frá þeim því sum uppgjörsmál eru þess eðlis.“ Guðbjörg bætir við að þau leggi áherslu á umhverfismál. Að vera umhverfisvæn. „Við notum aðeins endurunnið hráefni í alla skartgripina, þ.e. endurunnið silfur



Gripir úr Erika skartgripalínunni sem hönnuð var í tilefni af 20 ára afmæli Aurum.

og gull. Engin tré eru t.d. felld vegna umbúðanna sem þau nota heldur er börkurinn af trjánnum notaður. Það hefur mikið að segja nú þegar umhverfismálin eru alls staðar á oddinum. Við erum búin að tileinka okkur þetta og reynum að taka skrefin í þessa átt lengra og lengra. Bretarnir veittu einnig athygli að Aurum er fjölskyldufyrirtæki. Við tvö erum eigendur. Dætur okkar eru farnar að taka þátt í þessu með okkur og einnig erum við með góðan stuðning frá öðrum fjölskyldumeðlimum og tengdasyni Sólun Breki. Við erum líka með góðan hóp með okkur í Bankastrætina. Móðir mín Ásgerður sér um skartgripaverslunina og þrír gullsmiðir starfa hjá okkur. Tveir sem hafa lært hjá mér og einn sem hefur margra ára reynslu í skartgripasmíði. Við erum með hönnunarvinnu og framleiðslu og seljum hér og erlendis. Hjá okkur er jafnt kynjahlutfall 50 á móti 50. Við höfum í gegnum árin skapað okkur ákveðna sérstöðu með vinnuaðferðum og hönnun sem margir þekkja núorðið.“ Guðbjörg hefur hlotið ýmsar viðurkenningar í gegnum árin svo sem Menningarverðlaun DV í hönnun og Sjónlistarverðlaunin



Karl og Ingibjörg.

í hönnun. „Hvað varðar verslun okkar á netinu, þá höfum við lagt mikla vinnu í þann hluta rekstursins sl. ár og fáum pantanir alls staðar að úr heiminum. Stærstir eru þó Bandaríkjamenn og Bretar. Við sendum allar pantanir frítt út ef pantað er yfir ákveðna upphæð. Hér heima sendum við allt frítt heim að dyrum.“

Aurum 20 ára – Stærri verslun – Ný skartgripalína

„Nú erum við búin að vera með Aurum í 20 ár. Við erum að breyta versluninni í Bankastrætina. Stækka hana út í milli rýmið sem er á milli Aurum skartgripabúðarinnar og hönnunarverslunarinnar, upplifunarrými sem verður grænt og fagurt. Þessi undirbúningur



Guðbjörg Kristín með hundana Molly og Lottu.

hefur tekið um eitt ár. Við höfum verið að vinna að 20 ára skartgripa afmælislinu sem ber nafnið Erika sem verður kynnt núna í nóvember. Þess má geta að Bleika slaufan var unnin að hluta út frá afmælislinunni og verður því hægt að finna skart úr Eriku sem passar við Bleiku slaufu hálsmenið. Við stefnum á að halda upp á afmælið, stækkunina og kynna nýju skartgripalínuna fimmtudaginn 28. nóvember. Þá er að sjálfsgöðu öllum boðið, en við munum tilkynna þetta frekar þegar nær dregur á okkar samfélagsmiðlum.“

Ætlum að gefa demantshring

Er eitthvað að lokum sem þið viljið koma að. „Guðbjörg nefnir, vegna 20 ára afmælisins þá ætlum við að gefa einum heppnum viðskiptavin Aurum demantshring. Við munum láta vita af því á okkar samfélagsmiðlum, en allir sem versla í verslun Aurum eða á netinu verða dregnir út. Við ætlum að gefa hringinn milli jóla og nýárs.“



78 NÝJAR ÍBÚÐIR VIÐ KEILUGRANDA Í VESTURBÆNUM

Örfáar íbúðir lausar
Fyrir nýja sem eldri félagsmenn
óháð félagsnúmeri

KEILUGRANDI 1 · 107 RVK.

NÝBYGGING	35,2 ferm.
	1 herb.
	404 íbúð nr.

Áður auglýst því hægt að úthluta strax

Búseturéttur: 5.380.000 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 122.575 kr.
Mögulegt lán: 2.690.000 kr.
Afhending: Byrjun júní 2020.

KEILUGRANDI 9 · 107 RVK.

NÝBYGGING	48,9 ferm.
	2ja herb.
	102 íbúð nr.

Áður auglýst því hægt að úthluta strax

Búseturéttur: 6.700.000 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 149.625 kr.
Mögulegt lán: 3.350.000 kr.
Afhending: Byrjun sept 2020.

KEILUGRANDI 1 · 107 RVK.

NÝBYGGING	96,5 ferm.
	3ja herb.
	401 íbúð nr.

Áður auglýst því hægt að úthluta strax

Búseturéttur: 9.980.000 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 222.604 kr.
Mögulegt lán: 4.990.000 kr.
Afhending: Byrjun júní 2020.

KEILUGRANDI 5 · 107 RVK.

NÝBYGGING	117 ferm.
	4ra herb.
	303 íbúð nr.

Áður auglýst því hægt að úthluta strax

Búseturéttur: 11.380.000 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 261.357 kr.
Mögulegt lán: 5.690.000 kr.
Afhending: Byrjun sept 2020.

ÁVINNINGUR

- Örugg búseta
- Minni fjárbinding
- Réttur til vaxtabóta
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um ytra viðhald

VANDAÐUR FRÁGANGUR

- Fullbúnar íbúðir með gólfefnum
- Vandaðar innréttingar
- Mjög gott aðgengi og hljóðvist
- Hjólaaðstaða til fyrirmyndar
- Bílastæði með möguleika á rafhleðslu

WWW.BUSETI.IS

INNIFALIÐ Í BÚSETUGJALDI

Fjármagnskostnaður, skyldutryggingar, hiti, fasteignagjöld, hússjóður, þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóð.

S: 556 1000

50% FJÁRMÖGNUN*

Auglýst verð á búseturéttum miðast við staðgreiðslu. Í boði er allt að 50% fjármögnun á búseturéttinum frá Landsbankanum byggt á lánareglum bankans.

BUSETI@BUSETI.IS

JÓGAGJAFIR & VELLÍÐAN



Jógadýnur úr korki eru framtíðin. Frábær gæði.



Hugleiðslupúðar og mottur. Einstök fegurð.



Möntrubollar, kristalsvatnsflöskur og korkbrúsar.



Nailberry naglalökk. Eiturefnalaus og vegan.



Möntrubönd og -hringir. Mikið úrval.



Lífrænn jógasamfestingur er sigildur.



Wild Grace húðlínan er ný og mögnuð.



Cacaó og annað góðgæti á aðventunni.



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-18
Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Verður gist í Naustinu?

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur hefur samþykkt að auglýst verði breyting á deiliskipulagi Naustareits vegna lóðarinnar nr. 6 til 10A við Vesturgötu. Í breytingunni felst að heimilt er að koma fyrir svölum á austurenda Vesturgötu 6 til 8 og endurbyggja svalir með tröppum á Vesturgötu 10.

Fyrir liggja uppdrættir THG Arkitekta ehf. að þessum breytingum. Jafnframt verður gisti-starfsemi heimiluð á 2. hæð Vesturgötu 6 til 8. Málinu var jafnframt vísað áfram til borgarráðs. Vesturgata 6 til 8 er sögufrægt hús. Þar var lengst af starfrækt veitingahúsið Naust. Engin starfsemi hefur verið í húsinu nokkur undanfarin ár. Eigandi þess er Kirkjuhvoll sf., félag Karls Steingrímssonar, sem jafnan er kenndur við Pelsinn.



Húsin við Vesturgötu 6 til 10 þar sem veitingastaðurinn Nausti var til húsa. Naustið var árum saman einn af fáum veitingastöðum í Reykjavík þar sem Símon Sigurjónsson barþjónn skenkti í glös. Frá því það hætti rekstri hefur lítið starfsemi verið í húsinu. Nú hefur Karl Steingrímsson áhuga á að nýta hluta þess til gistinga.

Alls verða 7.860 bílastæði í Miðborginni

Alls verða 4.189 bílastæði í Miðborginni þegar bílakjallari Hafnartorgs verður fullbúinn. Því verða í allt 7.860 bílastæði á miðborgarsvæðinu ef þeim stæðum sem eru ofanjarðar er bætt við. Lengsta gönguleið frá bílastæðahúsi að verslun og þjónustu er um 350 metrar sem tekur um þrjú mínútur að ganga.

Um 77% Reykvíkinga er samkvæmt könnunum ánægð með göngugötur og telja að þær hafi jákvæð áhrif á mannlíf. Gangandi vegfarendum er að fjölga í Miðborginni og einnig verslunum og veitingastöðum. Fleiri en 60 aðilar hafa opnað nýja verslun eða veitingastaði þar frá síðasta ári. Ytri mörk Miðborgarinnar hafa verið að færast til. Miðborgin er að stækka. Miðborgin nær í dag frá Hlemmi og allt vestur á Granda.



Taðarkot við Hverfisgötu er með eldri bílastæðahúsum í Reykjavík. Nú er stefnt að því að hátt í átta þúsund bílastæði verði í Miðborginni.



Jólavörurnar komnar, mikið úrval af náttfatnaði og náttslöppum

Verið velkomin í Ynju Glæsibæ

Ynja
UNDIRFATAVERSLUN

Glæsibær
Álfheimar 74
S. 544 4088
www.ynja.is

MotorMax

SMURSTÖÐ

Við smyrjum allar tegundir bíla
OPNUNARTÍMI **ENGAR**

Mánudaga
- Föstudaga

7:45 - 18:00

Laugardaga

10:00 - 14:00

TÍMAPANTANIR!



VIÐ ERUM
VATNAGÖRÐUM

motormax@motormax.is

Sími: 545 4040

JÓLA- OG BÓKAMARKAÐUR



Ferðafélags Íslands - Mörkinni 6



Góðar gjafir
betri heilsa
og lengra líf

Gefðu aðild að
skemmtilegum
félagsskap



Bækur og bókapakkar, fræðslurit og kort
Ársaðild að Ferðafélagi Íslands
Fjallaferðir og gjafabréf
Um tímann og vatnið eftir Andra Snæ,
áritað eintak meðan birgðir endast

Netverslun
www.fi.is



ÁHUGAVERÐIR BÓKAPAKKAR

Vestfirðingurinn - Flakkarinn - Jarðfræðingurinn
Dalamaðurinn - Borgfirðingurinn - Skaftfellingurinn
Sunnlendingurinn - Útilegumaðurinn - Hálendingurinn
Eyfirðingurinn - Útlendingurinn

Komdu við
í Mörkinni 6



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

www.fi.is



Hagaskóli.

Gott mál í Hagaskóla

- Iklaash í Kenýa og Landvernd voru styrkt

Góðgerðardagurinn Gott mál var haldinn í Hagaskóla fimmtudaginn 7. nóvember. Dagurinn er haldinn árlega af nemendum Hagaskóla var þetta í ellefta skiptið. Mikið var um að vera á góðgerðadeginum og opnuðu nemendur stofur sínar fyrir gestum og gangandi. Boðið var upp á ýmiss konar skemmtanir. Draugahús var í kjallaranum, sameiginlegt kaffihús, skemmtiatriði, veitingastaðir, lukkuhjól, happdrætti og hvað annað sem nemendum kom til hugar.

Markmiðið með góðgerðardeginum er að vekja nemendur til umhugsunar um hvers þeir eru megnugir og hverju þeir geti áorkað sem hópur þegar kemur að hvers kyns hjálparstarfi. Hefð er fyrir því að fé sem safnast renni til tveggja málefna. Ákveðið var að halda áfram að styrkja Iklaash munaðarleysingjahælið í Kenýa og velja eitt nýtt málefni. Mikil umræða er um náttúruvernd og eftir langar umræður meðal bekkjarfulltrúa í framkvæmdanefnd var ákveðið með atkvæðagreiðslu að hitt málefnið sem nemendur styrkja þetta árið verði Landvernd sem fagnar 50 ára afmæli um þessar mundir. Í kosningu var mjög mikill meirihluti fyrir því að styrkja Landvernd og sjá nemendur jafnvel fyrir sér að vinna eitthvað með félaginu í vetur en það kemur betur í ljós síðar.

Hefur keypt Geirsgötu 11 á um 1,7 milljarð



Gamla skipaútgærðarskemman við Geirsgötu 11.

Dótturfélag malasísku fyrirtækjasamsteypunnar Berjaya Corporation hefur keypt hús við Geirsgötu 11. Kaupverð nemur alls 14 milljónum Bandaríkjadala eða um 1,7 milljarði íslenskra króna. Dótturfélagið sem ber heitið Berjaya Land Berhad keypti allt hlutafé í eignarhaldsfélaginu Geirsgötu 11 ehf. fyrir 1,4 milljónir dala og greiðir auk þess upp 12,6 milljóna dala skuld umrædds eignarhaldsfélags við Útgerðarfélag Reykjavíkur. Seljendur eru félagin Fiskitangi og Útgerðarfélag Reykjavíkur sem eru að stærstum hluta í eigu Guðmundar Kristjánssonar, útgerðarmanns og forstjóra HB Granda.

Berjaya er í eigu milljarðamæringins Vincent Tan þess sama og á breska knattspyrnufélagið Cardiff City. Hann hefur sagt að kaupin á Geirsgötu 11 myndu gefa félaginu tækifæri til þess að hefja fjárfestingar á sviði fasteignapróunar og hótelfarsemi á Íslandi. Félagið rekur hótél víða í suðausturluta Asíu og einnig í Lundúnum. Geirsgata 11 er gömul vöruskemma sem upphaflega var byggð fyrir Skipaútgærð ríkisins en hefur lítið verið notuð frá því starfsemi hennar var hætt. Húsið komst í eigu Brim sem nú heitir Útgerðarfélag Reykjavíkur og Fiskitanga fyrir nokkrum árum. Ekkert liggur fyrir um, hvorki af hálfu Faxaflóahafna eða Reykjavíkurborgar hvort leyft verði að byggja hótél eða íbúðarhúsnæði á lóðinni.

Byggingarleyfi liggja ekki fyrir

Geirsgata 11 er gömul vöruskemma, sem hefur staðið að mestu ónotuð undanfarin ár og er farin að láta á sjá. Ekki hefur legið fyrir hvort leyfi fái til

byggingar hótels á svæðinu. Á liðnu ári samþykkti stjórn Faxaflóahafna að tillögu skipulagsfulltrúa hafnarinnar að bíða með framkvæmdir og uppbyggingu á Miðbakka þar til framkvæmdum við Austurhöfn verði lokið og ljóst með hvaða hætti skipulag umferðar um Austurbakka og starfsemi á jarðhæð hússins við Austurhöfn verður en þar gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi. Þess má geta að borgaryfirvöld hafa sett kvóta á hótél í miðborginni. Gistirými mega ekki fara yfir 23% af starfsemi í Kvosinni. Enginn kvóti er þó á Geirsgötunni því það deiliskipulag nær ekki yfir hana. Hins vegar er ekkert deiliskipulag til fyrir Geirsgötu 11 sem þýðir að engar heimildir eru fyrir uppbyggingu lóðinni. Kaupandi verður að koma með tillögu sem sýnir fyrirhugaða uppbyggingu.

Verið að kaupa staðsetningu

Útgerðarfélag Reykjavíkur sem átti eignina hafði á undanföllum árum leitað eftir því að rífa húsið og byggja á lóðinni. Ekkert byggingarleyfi hefur fengist. Á liðnu ári var lögð fram tillaga að deiliskipulagi sem átti að tengja svæðið við Kvosina ásamt því að halda hafnarstarfseminni gangandi. Alls var gert ráð fyrir 27 þúsund fermetra húsnæði. Skipulagsfulltrúi tók neikvætt í tillögunum þar sem um of mikið byggingarmagn væri að ræða. Miðað við kaupverð hússins má gera ráð fyrir að þrýst verði á Faxaflóahafnir og Reykjavíkurborg að gefa leyfi fyrir framkvæmdum. Ljóst má vera að verið er að kaupa staðsetninguna en ekki eingöngu gamla vöruskemmu.



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Jóladögurður Hlaðborð

MIMIR

LAUGARDAGA & SUNNUDAGA

12:00—14:00

MIMIR.RESTAURANT HOTELSAGA@HOTELSAGA.IS 525-9930

Samfélagshúsið á Aflagranda 40

Fjölbreytt dagskrá í aðdraganda jóla

Mikið líf er búið að vera á Aflagranda 40 og gaman að segja frá því að fjölbreyttur aldur er byrjaður að sækja Samfélagshús okkar Vesturbæinga heim. Við erum til dæmis komin í samstarf við Vesturbæjarskóla þar sem 7. bekkingar koma til okkar einu sinni í viku og taka þátt í starfinu á ýmsan hátt.

Haustið er búið að vera ljúft og nú erum við í óðaönn að setja okkur í stellingar fyrir aðventudagskrá Samfélagshússins. Það verður margt í boði s.s. árlega jólagleðin okkar 5. desember, Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson ætlar að kíkja á okkur 4. desember ásamt Vigdísí Grímsdóttur í bókasjallið hans Hrafns Jökulssonar en Guðni annaðist það á undan Hrafni. Jólamarkaður verður 3. desember milli kl. 14 og 18. Þar má finna ýmislegt í jólapakkann nú eða bara til að njóta á adventunni. Við erum með bingó alla föstudaga og við bætist adventubingó og jólabingó þar sem vinningarnir eru sérlega veglegir. Aðventudagskrána má fljótlega finna á facebooksíðu okkar - Samfélagshúsið Aflagranda 40. Allar nánari upplýsingar í síma 411-2701 & 411-2702.



Félagsstarfið á Aflagrandi fer fram í björtum og rúmgóðum salarkynnum. Einnig er hægt að leigja salinn.

Einnig viljum við láta Vesturbæinga vita af því að salurinn okkar er til leigu allt árið um kring. Fyrir frekari upplýsingar

má hafa samband við Sirí á skrifstofunni í síma 4112701 eða á netfangið: sigridur.gudny.gisladottir@reykjavik.is

Vesturbæjarblaðið

AUGLÝSINGASÍMI: 511 1188

**Jólagjöfina færðu
í Blómagallerí!**



Nú er hægt að kaupa gjafabréf hjá okkur sem tilvalin eru í jólapakkann, þú velur upphæðina.

Einnig er full búð af fallegum jóla- og gjafavörum, hlökkum til að sjá ykkur!

BLÓMAGALLERÍ

Hagamel 67 - S: 552 6070

Opið: Mánud. – föstud. kl. 9 - 19
Laugard. og sunnud. kl. 10 - 19

**GÓÐA VEISLU
GJÖRA SKAL**



HLEÐSLUTÆKI

Hleður og vaktar rafgeyminn þinn í vetur.

Tilvalin jólaþöf

20%
jónlaafsláttur af
þessum frábæru
hleðslutækjum



SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bildshöfða 12 - 110 Rvík. - 5771515 - www.skorri.is

Íslenska fatamerkið As We Grow valið eitt umhverfisvænasta alþjóðlega fatamerkið

As We Grow opnaði nýlega verslun og hönnunarstúdíó við Garðastræti 2 í Reykjavík og vefsíðuna www.aswegrow.is, þar sem ætlunin er að sinna íslenskum markaði betur. Versluninni hefur verið tekið mjög vel af bæjarbúum, sem og erlendum ferðamönnum.

Um er að ræða einstakt úrval af tímalausum og umhverfisvænum fatnaði fyrir börn, sem og fullorðna. Þess má geta að merkið er eina íslenska fatahönnunarmerkið sem hlotið hefur Hönnunarverðlaun Íslands fyrir framúrskarandi hönnun, framleiðslu og sjálfbærni.

As We Grow var stofnað árið 2012 og sækir innblástur sinn í þrónapeysu sem ferðaðist á milli vina og vandamanna í fjölmörg ár og er enn í notkun. "Í upphafi var eingöngu um að ræða barnafatnað en með tímanum fundum við fyrir miklum áhuga á að bæta við fullorðinsvörum, eins og peysum, slám, húfum og treflum." segir Gréta Hlökkversdóttir, framkvæmdastjóri og einn stofnenda As We Grow. "Við erum svo lánsöm að hafa aðgang að hinni sjálfbæru Alpaca Ull, sem er einstök að mýkt og endingu en að auki erum við einnig að nota lífræna bómull og hör".

Vörurnar hafa hlotið mikla athygli, sérstaklega í Bretlandi og Japan. As We Grow hefur þrisvar sinnum hlotið hin virtu bresku Junior Design verðlaun sem besta alþjóðlega barnafatamerkið en í ár var það einnig verðlaunað fyrir að bjóða upp á eina bestu umhverfisvænu barnafatalínuna. „Okkur þykir einstaklega vænt um og hvetjandi að fá þessi verðlaun, því þau ríma einstaklega vel við okkar gildi sem byggja á ábyrgum



umhverfissjónarmiðum og afstöðu gagnvart líftíma og endingu framleiðsluvöru á tímum ógnóttar". Markmið okkar hjá As We Grow er að vera í forsvari í baráttunni gegn

fatasóun og við samsvörum okkur því vel með Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem fjalla um ábyrga neyslu og framleiðslu í heiminum í dag.



Netverslun:
systrasamlagid.is



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri



Óskað er eftir starfsmanni í dagdvöl

Óskað er eftir starfsmanni til starfa í dagdvöl hjúkrunarheimilins sem fyrst.

Vinnutími frá 10-15 virka daga.

Upplýsingar gefur Svanlaug Guðnadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma 864-4184.



Samsöngur í Melaskóla

Nokkrum sinnum á skólaárinu safnast nemendur saman til samsöngs í Skála undir stjórn tónmenntakennara skólans sem hafa æft með þeim lög og söngtexta.

Um er að ræða tvær söngstundir sem helgast af mismunandi lagavali á yngsta- og miðstigi og vegna þrengsla í skólahúsnæðinu. Hver söngstund fylgir að hluta til ákveðnu þema eins og þegar afmæli skólans var en Melaskóli varð 73 ára 5. október síðast liðinn. Foreldrar voru duglegir að mæta og nýttu sumir tækifærið til að kíkja inn í kennslustofur.



Samsöngur í Melaskóla. Söngstjóri og undirleikari snúa baki í myndavélina.

Sólrún með verðlaun í ljóðasamkeppni

Nýlega vann Sólrún Axelsdóttir nemandi í 7. bekk Vesturbæjarskóla til verðlauna í ljóðasamkeppni sem haldin var á vegum Ljóðadaga.

Grunnskólabörnum var boðið að taka þátt í keppninni sem bar yfirskriftina „Ljóð fyrir loftslagið“ Veittar voru viðurkenningar í tveimur flokkum, 1.-5. bekk og 6.-10. bekk. Yfir 400 ljóð bárust í keppnina. Ljóð Sólrúnar ber heitið „Mín bláa jörð.“



Sólrún er fjórða til vinstri á myndinni í hópi verðlaunahafa.

Reykjavík
RÖST
Coffee house & bar
Við gömlu höfnina

reykjavikrost.is

Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.



Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.



Aðventuáskorunin

Það er komið jólatré á Hagatorg og ljós skreyta víða glugga og svalir hér í Vesturbænum og borginni allri. Aðventan er að hefjast, skemmtilegi mánuðurinn með öll ljósin í myrkrinu og margs kyns gleði, stressmánuðurinn þar sem við hömumst við að undirbúa jólin, já, mánuðurinn þar sem við virðumst stundum öll fara á yfirsnúning. Einu sinni voru húsmæður heima og þrifu, bökuðu og saumuðu fyrir jólin, það var jólastressið. Núna vinna flestir úti en vilja samt þrifa, baka og útbúa gjafir. Við það bætist að vinnustaðir halda aðventugleði, vinahópar gera sér glaðan dag og út um alla borg er margt spennandi í boði til að sjá og taka þátt í.



Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.

Ónei! Ekki jólin enn einu sinni!

Það er alveg skiljanlegt að einhverjum þyki það erfitt þegar stressið við undirbúning jóla bætist ofan á daglegt amstur. Aðventan virðist alltaf komin fyrir en varir og maður er einhvern veginn gripinn í bólinu – ó, ég ætlaði að vera búinn að... Það á eftir að kaupa gjafir sem kostar peninga – eða gera gjafir, sem kostar tíma og stunda markvissa væntingastjórnun ef börn eru á heimilinu. Það er mikilvægt að muna að við ráðum ferðinni og við megum alveg setja mörk. Aðventan er kölluð „jólafasta“ í kirkjunni, tími endurskoðunar og íhugunar. Aðventuáskorunin í kirkjunni var því að einfalda líf sitt, mat og drykk og undirbúa sig þannig andlega og líkamlega fyrir fæðingu frelsarans. Og hvort sem okkur hugnast hugmyndin um föstu, eða ekki, er gott að hafa í huga að þessi tími hefur ekki alltaf verið á yfirsnúningi og þarf ekki að vera það ef okkur þykir það erfitt.

Kartafla í skóinn - Fullorðinsstund á aðventu

Fimmtudaginn 5. desember kl. 18 verður samvera í Neskirkju undir yfirskriftinni: „Kartafla í skóinn.“ Hún hefst á tónlist í kirkjunni sem tengist aðventu og jólum. Svo tekur við matarmikil súpa í safnaðarheimili og svo mun Sirrý Arnardóttir, fjölmiðlakona og rithöfundur segja frá bók sinni: Þegar kona brotnar; ég skoða sögu jólaundirbúnings á íslenskum heimilum og Pétur Húni, þjóðfræðingur, talar um vonda jólasveina.

Fjölskyldustundir á aðventu

Fimmtudaga á aðventu, þann 5., 12. og 19. desember verða fjölskyldustundir í Neskirkju kl. 17.00. Þetta eru 30 mínútna samverur, sniðnar að börnum í leikskóla og yngstu bekkjum grunnskóla og foreldrum. Við leggjum áherslu á rólega stund, kerti og kósí, þar sem við syngjum saman og tölum um aðventu og jól. Í lokin er holl jólahressing áður en haldið er heim.

Hvern fimmtudag er ákveðið stef sem verður kynnt í sögu og söng.

Verið hjartanlega velkomin.

Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, prestur í Neskirkju

Áfram vörur frá Ostabúðinni

- vörur og veislusalur við Fiskislóð 26

Því miður lokaði verslun og veitingahús Ostabúðarinnar á Skólavörðustíg fyrir á árinu. En vörur og veitingar frá Ostabúðinni og eiganda hennar, Jóhanni Jónssyni hafa öðlast fastan sess á veisluborðum Íslendinga. Því óttuðust margir þegar verslunin á Skólavörðustíg lokaði að fastir liðir eins og heitækta gæsabringan þeirra yrði ófánleg á landinu. Það er því mikið fagnaðarefni að Jóhann og hans teymi hafa komið sér upp frábærri aðstöðu á Fiskislóð 26 þar sem þau reka nú Ostabúðin-veislubjónusta ehf. og framleiða áfram hinar sívinsælu vörur Ostabúðarinnar. Þar má helst nefna grafna og reyktu kjötið þeirra, t.d. heitreyktu gæsabringuna, villibráðarpaté, sósur, dressingar og svo hina margrómuðu frönsku súkkulaðiköku.

Ostabúðin hefur jafnframt verið þekkt fyrir einstaka veislubjónustu og verður hún rekin áfram af Ostabúðinni-veislubjónustu ehf. frá Fiskislóðinni. Eins og áður er boðið upp á fjölbreyttar veitingar í veislur af öllu tagi, osta- og kjötbakka, snittar, spjót, hátíðarveislur, villibráðarveislur og svo mætti lengi telja.

Funda- og veislusalur

Á Fiskislóðinni er jafnframt bjartur og fallegur funda- og veislusalur sem leigður er út. Salurinn tekur um 100 manns í sæti og 140 manns í standandi veislur. Ostabúðin-veislubjónusta ehf. tekur að sér allskyns veisluhöld þar, eins og fermingar, árshátíðir, stórafmæli, brúðkaup o.fl. en býður einnig þann kost að koma með veislur í heimahús eða aðra sali. Ostabúðin-veislubjónusta ehf. rekur jafnframt fyrirtækjapjónustu með heitan mat í hádeginu úr fersku og góðu hráefni og sendir til fyrirtækja en býður jafnframt upp á hádegishlaðborð á virkum dögum fyrir fyrirtækin í hverfinu í veislusal sínum á Fiskislóð 26.



Jóhann Jónsson í Ostabúðinni.



Jóhann lengst til vinstri ásamt samstarfsfólki.

Körfur Ostabúðarinnar

Frá og með 15. desember og fram til jóla verða allar vinsælustu vörurnar þeirra auk þess sem boðið verður upp á vörur frá framúrskarandi íslenskum framleiðendum til sölu á sérstökum jólamarkaði sem settur verður upp í veislusalnum. Þar verður

jafnframt hægt að kaupa gjafakörfur og sælkerasöskjur sem gerðar verða eftir óskum hvers og eins. Körfur Ostabúðarinnar hafa verið vinsælar jólagjafir meðal fyrirtækja og einstaklinga undanfarin ár og því eflaust margir sem fagna því að geta áfram nálgast þær.

Stækkunarglerslampar



kr. 29.990,-



kr. 14.990,-



kr. 19.900,-

Vandaðir stækkunarglerslampar í föndur og fína vinnu. Góð birta.

Glóey – gerir lífið bjartara

Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is · gloey@gloey.is

HÚSVERNDARSTOFA

Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa



Ókeypiss ráðgjöf í Árbæjarsafni alla miðvikudaga kl. 15 – 17 um viðhald og viðgerðir eldri húsa og á sama tíma í síma 411 6333

Hinsegin vika Tjarnarinnar haldin í fyrsta sinn

Vikuna 14. til 18. október fór Hinsegin vika Tjarnarinnar fram í fyrsta sinn. Í þessari viku var unglíngum sem sækja starf félagsmiðstöðva Tjarnarinnar boðið upp á hinseginfræðslu, hinsegin-kynfræðslu og dragfórðunarnámskeið svo eitthvað sé nefnt.

Hápunktur vikunnar var síðan þegar tónlistarmaðurinn Páll Óskar mætti og svaraði spurningum unglínganna í Hinsegin félagsmiðstöðinni og endaði síðan á því að taka lagið fyrir rúmlega 100 unglíngum sem mættir voru að hlýða á Palla og spurðu þau hann spjörnum úr. Páll var síðan leystur út með gjöfum en hann fékk gefins málverk frá unglíngum Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar.

Dragdrottningin Gógó Starr sá svo um dragfórðunarnámskeið á miðvikudaginn og vakti það mikla lukku meðal viðstaddra og er ljóst að mikill áhugi er fyrir dragi en hægt er að rekja þessar vinsældir til hinna geysivinsælu þátta RuPaul's drag race sem eru sýndir á streymisveitunni Netflix.



Hápunktur vikunnar var þegar tónlistarmaðurinn Páll Óskar mætti og svaraði spurningum unglínganna

„Vikan gekk ljómandi vel,“ segir Hrefna Þórarinsdóttir, forstöðumaður Hinsegin félagsmiðstöðvarinnar. Hrefna var hæstánægð með vikuna. „Það er mikilvægt að fagna fjölbreytileika unglíngum og minna á hinsegin málefni.“

AS WE GROW

ICELAND



www.aswegrow.is

Hausthátíð Tjarnarinnar

Hausthátíð Tjarnarinnar fór fram fimmtudaginn 24. október með pompi og prakt. Frítt var fyrir alla gesti í Vesturbæjarlaugina og var boðið upp á kaffi, djús, kex og kleinur fyrir unga sem aldna.

Nóg var um skemmtiatriði í sundlauginni en þar kom fram spunahópurinn Kók og kaviar sem er skipaður Daða og Jökli, nemendum í Hagaskóla og svo sá plötusnúðurinn Ýmir um að spila ljúfa tölvutóna fyrir sundgesti. Einnig var boðið upp á sund zumba og var spurningaleikurinn sívinsæli Synt og svarað á dagskrá. Þrátt fyrir slæmt veðurfar skemmtu sér allir gríðarlega vel og þakka starfsmenn Tjarnarinnar fyrir góða skemmtun.



Frítt var fyrir alla gesti í Vesturbæjarlaugina.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsdóttir



Kristín Ingólfsdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!
3ja ára ábyrgð



JS LJÓSAMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAFJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

coral[®] Dyra og hreinsimottur
Stoppa 90% óhreininda

Forbo
FLOORING SYSTEMS

KJARAN

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

Frá Nordal til Nordal

- Dómkórinn flytur kórverk eftir þrjú tónskáld í ætt

Römmustu galdrakvæði, helgustu trúartextar og allt þar á milli eru viðfangsefni tónleika Dómkórsins í Reykjavík sem fram fara í Hallgrímskirkju sunnudaginn 24. nóvember. Þar flytur kórinn viðmesta kórverk Jóns Nordal, Óttusöngva að vori auk þess sem frumflutt verða tvö ný íslensk kórverk eftir afasyni Jóns, Þá Hjalta og Þorkel Nordal, sem þeir sömdu fyrir Dómkórinn.

Þorkell Nordal er fæddur 1992 og er búsettur í Helsinki þar sem hann vinnur að tónsköpun sinni í samstarfi við ýmsa finnska og norræna tónlistarmenn. Verkið Orðfæri, sem er í fjórum köflum, samdi hann fyrir blandaðan kór og slagverk að beiðni Dómkórsins og leikur þar sér að samspili orða og hljóða, texta og tóna. Yfirborð tónlistarinnar og val á texta lúta svipuðum lögmálum en hvorki tónlist né texti stjórna ferðinni fremur en hitt. Það er því á köflum spurning hvort orðin eða tónlistin komi á undan. Textinn í verkinu er að mestu heimasmiði auk þess sem fjórum lausavísu eftir Sveinbjörn Beinteinsson er fléttað saman í lokakafalanum. Heildarútkoman er seiðandi og óvænt í senn.

Háskalegur galdraleiðangur

Hjalta Nordal er með yngstu tónskáldum Íslands en hann er fæddur 1999. Verk hans Umbót, sem flutt verður á tónleikunum á sunnudag, er samið við kvæðið Snjáfjallavísu hinar síðari sem Jón lærði Guðmundsson orti

árið 1611 í því skyni að kveða niður draug á Snæfjallaströnd. Kvæðið er talið eitt rammasta særingarkvæði sem til er á íslensku. Með orðum sínum ræðst Jón á drauginn og bindur hann niður. Hann bölvar, ber og rekur hann á hol og hrekur hann svo aftur niður til helvítis áður en hann sver við blóð Kristis að ef nokkur ári eða fjandi gangi aftur um byggð Snjáfjalla skuli hann hljóta sömu örlög. Tónskáldið Hjalta fer hamförum í tónsmíð sinni og sendir Dómkirkjukórinn í háskalegan galdraleiðangur eftir harla óhefðbundnum leiðum. Meðal annars les kórinn nótur verksins af myndbandi og við flutning þess kemur m.a. klósettbursti við sögu.

Messusöngvar og ljóð Matthíasar

Yrkisefni Óttusöngva að vori eftir afa þeirra Hjalta og Þorkels, Jón Nordal, eru kaþólskir messutextar og Sólhjartarljóð Matthíasar Johannessen en verkið, sem er fyrir kór, sópran, kontratenór, selló, orgel og slagverk, var frumflutt í Skálholtskirkju árið 1993. Í viðtali sem birtist í Morgunblaðinu í tengslum við frumflutninginn sagði Jón að tími væri kominn fyrir ljóð Matthíasar. „Það var samið á þúsund ára afmæli kristnitöku á Íslandi með vísan í orðin úr Sólarljóðum. Textinn streymir áfram og hefur á sér blæ sem sennilega er líka yfir músikinni. Hún er fornleg í fyrstu, þá ómstríð og birtir yfir í lokin.“ Óttusöngvar að vori hafa hlotið



Dómkórinn, myndin er tekin í alþjóðlegri kórakeppni í Salzburg sl. vor þar sem Dómkórinn varð í öðru sæti. Ljósmyndari er Pétur Jóhannes Guðlaugsson.



Jón Nordal tónskáld.

einróma lof gagnrýnanda í þau skipti sem verkið hefur verið flutt hér á landi. Verkið er sérlega áhrifamikilið og einkennist af kyrrð og tilbeiðslu í bland við ógrandi ómstríður þar sem skiptast á rismiklar einsöngslínur og hljómmiklir kórkaflar. Auk Dómkórsins taka þátt



Frændurnir og kollegarnir, tónskáldin Hjalta og Þorkell Nordal. Myndin tekin á æfingu fyrir tónleikana.

í flutningum einsöngvararnir Harpa Ósk Björnsdóttir sópran og nýútskrifaður rafmagnsverkfræðingur og Jón Svavar Jósefsson sem þreytir frumraun sína sem kontratenór. Inga Rós Ingólfsdóttir leikur á selló, Frank Aarnink á slagverk og Björn Steinar Sólbergsson

á orgel auk þess sem Hjalta Nordal leikur með á píanó í verki sínu. Stjórnandi er Kári Þormar dómorganisti. Tónleikarnir verða sem fyrr segir í Hallgrímskirkju 24. nóvember og hefjast kl. 17. Miða má nálgast í gegn um tix.is

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Arna

ís- og kaffibar

Opíð virka daga 9 - 21 og helgar 10 - 18.

Eiðistorgi 15

facebook.com/arnaisogkaffi



Gaman á KR svæðinu



Nýkrýndir Íslandsmeistarar KR í Pepsi Max deild karla í knattspyrnu mættu til að hvetja 3. flokk KR til dáða í úrslitaleik Íslandsmótsins sem fór fram nýlega. Stuðningurinn hafði greinilega góð áhrif á liðið því 3. flokkurinn hjá KR vann öruggan 5 - 1 sigur á Fjölni í úrslitaleiknum sem fór fram á heimavelli Fjölnismanna. Fjölnismenn unnu hlutkesti um það hvort lið fengi heimaleikinn en heppnin var ekki með þeim í sjálfum úrslitaleiknum.

KR vann því Íslandsmeistararitla tvö kvöld í röð og það er því gaman á KR svæðinu þessa dagana. KR vann 3. flokkinn þarna í sautjanda sinn en í fyrsta sinn frá árinu 2014. Þetta er jafnframt í fyrsta sinn síðan 1950 þar sem KR-ingar verða Íslandsmeistarar í bæði meistaraflokki og 3. flokki. Styrmir Máni Kárason og Birgir Steinn Styrmisson

komu KR-ingum í 2-0 með mörkum með tveggja mínútna millibili í upphafi leiks en Daníel Smári Sigurðsson minnkaði muninn fimm mínútum síðar. KR-ingar gerðu svo út um leikinn með tveimur mörkum fyrir hálfleik. Það fyrra skoraði Jóhannes Kristinn Bjarnason úr vítaspyrnu en það síðara Freyr Þrastarson. Birgir Steinn Styrmisson innsiglaði síðan sigurinn með sínu öðru marki í seinni hálfleiknum. KR og KV eru með sameiginlegt lið í 3. flokknum og þjálfarar liðsins eru þeir Sigurður Víðisson og Auðunn Örn Gylfason. Fyrirliði liðsins er markvörðurinn Sigurpáll Sören Ingólfsson. KR/KV vann Stjörnuna 4-3 í undanúrslitaleiknum en þar skoruðu þeir Jökull Tjörvason, Jóhannes Kristinn Bjarnason, Styrmir Máni Kárason og Róbert Logi Jónsson mörkin. Sex leikmenn skoruðu því mörk KR-liðsins í þessum úrslitaleikjum sumarsins.

Áframhaldandi samstarf KR og Gróttu í knattspyrnu kvenna

Knattspyrnudeildir Gróttu og KR hafa náð samkomulagi um áframhaldandi samstarf í 2. og 3. flokki kvenna. Samstarfið hófst haustið 2013 og var því sjötta tímabilinu að ljúka nú á dögum. Árangurinn hefur verið góður og öllum iðkendum tryggð verkefni við hæfi í stærri æfingahópum.



Deildirnar hafa ákveðið að endurnýja samstarfssamninginn með það að markmiði að efla stuðning félagana við samstarfið og ekki síst til stefna að öflugri uppbyggingu í öllu starfi þessara flokka. Stefnan er að búa til öflugra liðsmenn beggja félaga sem halda merkjum KR og Gróttu á lofti til framtíðar.

Samningurinn var undirritaður, formönnum beggja deildanna, þeim Kristni Kærnested og Birgi Tjörva Péturssyni, ásamt tveimur leikmönnum félagana, Láru Ósk Eyjólfsdóttur og Lilju Davíðsdóttur Scheving í KR heimilinu þann 13. nóvember sl.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Njóttu stemningarinnar Í HJARTA REYKJAVÍKUR

Skötuhaðborð á Restaurant Reykjavík 23. desember

ÞORLÁKSMESSUSKATA

Á Þorláksmessu bjóðum við upp á einstaklega girnilegt skötuhaðborð.

SÍLDARVEISLA

Lauksíld
Appelsínumarineruð síld
Fennel og agúrku síld
Jólasíld
Lakkríssíld

AÐALRÉTTIR

Kæst Tindabikkja
Reyktur Lax með hvítlaussósu
Skötustappa
Saltfiskur
Plokkfiskur

EFTIRRÉTTIR

Ris a la mande
Kanil og rósmarin ostaterta
Piparköku-Brownie
Úrval af ísum
Frómas

Verð kr. **4.900**
Í hádeginu og um kvöldið

Í hádeginu verður
Eyjólfur Kristjánsson
í jólaskapi með gítarinn



Bókið tímanlega í síma

552 3030



RESTAURANT
REYKJAVÍK

Tel +354 552 3030
restaurant@restaurantreykjavik.is
www.restaurantreykjavik.is
Vesturgata 2 - 101 Reykjavík



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud. og miðvikud.
13:00-14:30

Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00

Skólar og sérhópar:

Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

1X2

GETRAUNANÚMÉR

KR ER

107

KOMDU ÚT Á GRANDA

VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR



Á GRANDA
FINNUR ÞÚ SÖMU
GÓÐU VÖRUMERKIN
OG Í ÖÐRUM ELKO
VERSLUNUM

ELKO

